


Umhverfisstofnun
Áb. <u>B5</u> <u>HJ</u>
<u>05 MAI 2004</u>
<u>54.3</u>
Tilv. UST20040400097



Umhverfisstofnun

Umhverfisstofnun umferrum og umhverfisáhrifum

St. Þóðrlandsbraut 34
15 - 106 Reykjavík, Iceland

Tel: +354-581-2000

Fax: +354-581-2010

<http://www.umhverfisstofnun.ist>

www.umhverfisstofnun.is

Skipulagsstofnun
Auður Ýr Sveinsdóttir
Laugavegi 166
150 Reykjavík

4. maí 2004

Tilvísun: UST20040400097/bs

Tungudalsvirkjun 700 kW í Skutulsfirði, Ísafjarðarbæ. Umsögn.

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 20. apríl sl. þar sem leitað er álits Umhverfisstofnunar á því hvort ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til 3. viðauka í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Fyrirhuguð virkjun mun nýta yfirfallsvatn úr Vestfjarðagöngum um 600 l/s og taka þá 70-100 l/s sem á vantar úr Tunguá. Ekki er talið að þessi vatnstaka úr ánni hafi veruleg áhrif á rennsli hennar yfir sumarið. Talið er að um 20 l/s rennsli ætti að nægja til að viðhalda líríki árinnar á þurrkatíma snemma vetrar. Umhverfisnefnd Ísafjarðar hefur lagt til að seinustu 50 l/s verði ekki teknir úr ánni og styður Umhverfisstofnun þá tillögu.

Þau svæði árinnar sem fyrir áhrifum geta orðið vegna framkvæmdarinnar eru ýmist talin ófiskgeng eða mjög léleg seiðabúsvæði.

Framkvæmdarsvæði er að mestu á röskuðu vegsvæði þar sem ríkjandi gróður er snarrót og beringspunktur. Auk vegar um Tungudal eru m.a. í dalnum talsverð skógrækt, skíðasvæði, sumarbústaðir, golfvöllur, raflína og ljósleiðari.

Umhverfisstofnun telur ekki að virkjun Tunguár muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllst,

Björn Stefansson

Helgi Jónsson